

Minnisblað starfshóps um byggðarþróun

Fulltrúar í starfshópi

- Elfar Már Ólafsson, Verkefnastjóri byggingar- og framkvæmdamála Borgarbyggðar
- Ásgerður Hafðís Hafsteinsdóttir, Verkefnastjóri á skipulagssviði Borgarbyggðar
- Ingólfur Margeirsson, Skorradalshreppi
- Tryggvi Valur Sæmundsson, Skorradalshreppi
- Björn Haukur Einarsson, Skorradalshreppi
- Logi Sigurðsson, Borgarbyggð
- Davíð Sigurðsson, Borgarbyggð

Lýsing á verklagi starfshópa

Hlutverk starfshópa á er að kortleggja stöðu mála á þeim málavæðum sem þeir hafa til umfjöllunar og gera tillögur að framtíðarsýn og markmiðum:

- Starfshóparnir kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og gera grein fyrir kostum og ókostum sameiningar fyrir íbúa sveitarfélaganna.
- Starfshóparnir draga upp framtíðarsýn fyrir þau málefnasvið sem þeir hafa til umfjöllunar.
- Starfshóparnir gera lista yfir helstu markmið sem þarf að ná til að raungera framtíðarsýnina.

Afurð starfshópavinnu er minnisblað til samstarfsnefndar þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum.

Viðfangsefni

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um skipulagsmál, umhverfismál, innviði, byggðarþróun og atvinnumál. Meðal þess sem vert er að hafa í huga er:

- Hvert er hlutverk sveitarfélaganna á þeim málavæðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar?
- Er svæðisbundinn munur á þjónustu og þjónustubörf innan þjónustusvæðisins?
- Hvaða áhrif myndi sameining hafa á þjónustuna?
- eru tilefni eða tækifæri til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu?

Stöðugreining (SVÓT)

- Styrkleikar eru jákvæðir eiginleikar sem sveitarfélögin búa yfir saman eða hvort um sig.
- Veikleikar eru eiginleikar sem er ábótavant eða vantar í starfsemi sveitarfélaganna.
- Ógnanir eru ytri áhrif sem hætta er á að setji strik í reikninginn í starfseminni.
- Tækifæri eru þættir í umhverfinu sem geta gagnast í starfseminni eða bætt stöðu mála.

Skipulagsmál

Styrkleikar Búið að fara í vinnu við að styrkja Skipulagssvið Borgarbyggðar. Hagræðing í rekstri með eina yfirstjórn. Meira bolmagn til að vinna skipulag. Stærri stjórnsýslueining. Sömu áherslur á öllu svæðinu.	Veikleikar Erfitt að fá svör frá skipulagsfulltrúa í Skorradal. Skipulagsfulltrúum fækkar við sameiningu.
Ógnanir Aðalskipulag þyrfti að samræma og stefnur. Skipulag í vinnslu gætu fallið á milli skips og bryggju.	Tækifæri Hægt að endurskoða aðalskipulag Skorradalshrepps. Frekara samstarf á sviði skipulagsmála og brunavarna. Auðveldara að fá svör í Skorradalshreppi. Fleiri stöðugildi á skipulagssviði.

Umhverfismál

Styrkleikar Stærri sorppjónustusvæði. Stærri eining í samskiptum við einingar eins og Land og skóg, Orku náttúrunnar og þess háttar. Góð refa- og minkaskytta (sú best á landinu) Lítill náttúruleg ógn.	Veikleikar
Ógnanir Að missa gámasvæðið í Skorradal (opið 24/27) Áskorun: innleiðing á breytingum á sorphirðulöggjöf. Brunavarnir við Skorradalsvatn. Svæðið er torfært, erfitt að ná vatni til slökkvistarfa, og flóttaleiðir takmörkunum háðar.	Tækifæri Sama stefna um skógrækt til kolefnisbindingar Tryggja staðsetningu á slökkvibíl (Hvanneyri í samningi)

Innviðir

Styrkleikar Meira bolmagn í samningaviðræðum t.d. við vegagerð. Búið að ljósleiðaratengja allan skorradalshrepp. Bæði sveitarfélög að ljósleiðaravæða sig.	Veikleikar Tengivegir mættu vera betri. Ekki vilji til að opna námur í Skorradalshreppi.
--	---

Ógnanir Ógnun af nýrri Holtavörðuheiðarlínu. Áskoranir: Þörf á að sameina félög um ljósleiðaravæðingu?	Tækifæri Mögulegt hagræði í þjónustu við innviði s.s. vetrarþjónustu. Afhendingargeta rafmagns til atvinnuuppbyggingar eykst með tilkomu Holtavörðuheiðarlínu. Einfaldari samningsstaða og betri þjónusta varðandi tæmingu rotþroa og fráveitu. Meiri slagkraftur í að þrýsta á uppbyggingu í vegakerfi. Auðveldara að fá fé til vegamála (ath. leyfi til efnistöku hefur ekki fengist í Skorradalshreppi).

Byggðarþróun- Lýðfræði

Styrkleikar Hvanneyri er landfræðilega heppileg sem staðsetning fyrir þjónustukjarna við Skorradal. Stefna Borgarbyggðar um íbúabyggð í dreifbýli gæti gagnast – nýtist m.a. þeim sem búa í sumarhúsum en fá ekki að skrá lögheimili.	Veikleikar
Ógnanir Áskorun: Mikill mannfjöldi í sumarhúsum um helgar. Álag á flóttaleiðir og samgöngur. Áskorun: Dulin búseta	Tækifæri Aukinn vilji ungs fólks til að búa í Skorradalshreppi ef sama þjónusta er veitt þar og í Borgarbyggð. Aukið lóðaframboð á nýjum svæðum. Slökkvi- og björgunarmiðstöð við Skorradalsvatn (áður en til sameiningar kemur). Mikil þróun í gerð sumarhúsa – stærri og betri – hægt að fá samþykkt sem íbúðarhús (íbúðarhúsnæði geta fylgt styrkir til að setja upp varmadælur, betri lánakjör)

Atvinnumál

Styrkleikar Sömu grunnatvinnuvegir – Landbúnaður og ferðaþjónusta Sama atvinnusvæði. Jákvæðari atvinnuupplifun Atvinna ekki vandamál ef fólk hefur húsnæði.	Veikleikar Næstum allir sem eru búsettir í Skorradalshreppi vinna í eða fyrir Borgarbyggð Skortur á húsnæði fyrir nýja íbúa.
--	---

Ógnanir Störfum hjá sameinuðu sveitarfélagi fækkar í samanburði við sveitarfélögin tvö (skipulag, bókhald) Áskorun að manna frístundastarf, heilsugæslu og slík störf.	Tækifæri Betri samgöngur og vegakerfi auðveldar atvinnuþátttöku innan sveitarfélagsins. Aukinn íbúafjöldi kallar á aukna atvinnumöguleika - mögulega fleiri sérfræðistörf. Meira að gera hjá húsasmiðjunni (viðhald og uppbygging í frístundabyggð)

Framtíðarsýn og markmið

Á grundvelli stöðugreiningar dregur starfshópurinn upp mynd af æskilegri stöðu í starfsemi sveitarfélagsins og þjónustu eftir 10 ár í sameinuðu sveitarfélagi, þ.e. þeirri stöðu sem vinna ætti að. Einnig skilgreinir hópurinn markmið sem vinna þarf að til að raungera framtíðarsýnina. Skilgreina skal a.m.k. eitt markmið fyrir hvern málaflokk sem hópurinn fjallar um.

Skipulagsmál

Stórt og öflugt sveitarfélag með blómlega byggð um allt sveitarfélagið. Þeim markmiðum verður náð með nýju aðalskipulagi fyrir allt svæðið sem styður við fjölbreytta uppbyggingu íbúðaeininga.

Eitt Aðalskipulag komið fyrir allt svæðið og farið að vinna eftir því sem mun leiða til uppbyggingar á svæðinu öllu

Skilgreining á svæðum fyrir íbúðarbyggð, frístundabyggð, og landbúnað og samþættingu deiliskipulags hefur í för með sér fjölgun mannvirkja og þar af leiðandi fjölgun íbúa og íbúðarbygginga.

Allt betra eftir 1 ár í skipulagsmálum, því stærri því sterkari. Öflugt atvinnusvæði á Hvanneyri (iðngarðar) vegna þess hversu mikið er í boði þar.

Það þyrfti að komast á einhver raunskráning á búsetu. Ekki bara lögheimili heldur að það væri vitað hverjir hafa raunverulega aðsetur á staðnum.

Sameiginleg framtíðarsýn í aðalskipulagi.

Fjölgun á búsetumöguleikum hvort sem það er í íbúðarhúsum eða sumarhúsum.

Markmið:

- Skilgreining á búsetu og landsvæðum

Umhverfismál

Í framtíðinni verður áframhaldandi þróun á sorphirðu og endurvinnslumálum sem og brunavörnum í skóglendi.

Búið að bæta brunavarnir í skóglendi og setja upp brunahana.

Vinnsla og flokkun sorps komið á ennþá betri stað til hagræðis fyrir sveitarfélag og íbúa.

Að það sé búið að skilgreina allt ræktanlegt land þannig að það sé ekki verið að úthluta ræktanlegu landi í annað.

Búið er að ná til sumarhúsaeigenda með sorpflokkun.

Hjólhýsa- og kofabyggð í Galtarholtslandi farin?

Markmið:

- Sameining sveitarfélaganna.
- Vinna að sorphirðu og endurvinnslumálum og minnka sorpurðun og vinna lífrænan úrgang á svæðinu
- Mörg verkefni í Skorradalshreppi

Innviðir

Búið að stórbæta ástand tengivega, klára að byggja upp veg um Uxahryggi og leggja bundið slitlag yfir Dragháls.

Búið að byggja brú yfir Hvítá

Vegagerð og lagning slitlags komin á mun betri stað og einbreiðar brýr úr sögunni.

Aukið aðgengi að efnistöku til slíkrar uppbyggingar.

Holtavörðuheiðarlína komin og atvinnuuppbygging í kringum hana hafin.

Klára ljósleiðaravæðingu í Skorradalshreppi og selja félagið til fjarskiptafélags.

Setja meiri þrýsting á hitaveituframkvæmdir í Skorradalshreppi (Veitur)

Samgöngumálin betri.

Markmið

- Bættar samgöngur í héraði. Ekki endilega 1+1 heldur vegir með mætingum (1,5) þar sem umferðarmagn mun ekki aukast við bundið slitlag.
- Styrkja vegi innan sumarhúsahverfa

Byggðarþróun

Uppbygging íbúðar og atvinnuhúsnæði hafi aukist til muna með tilheyrandi fjölgun fólks í sameinuðu sveitarfélagi

Kominn þjónustukjarni í þéttbýlinu utan Borgarness t.d. á Hvanneyri og risið varanlegt húsnæði fyrir slökkvilið og Björgunarsveit á Hvanneyri eða í Skorradal

Íbúar sameinaðs sveitarfélags orðnir yfir 6000

Öflugra samfélag sem býr á svæðinu allt árið um kring

Búið að finna lausn á búsetu í frístundabyggð.

Markmið

- Blómleg uppbygging í sveitarfélaginu. Fjölgun og uppbygging.
- Lægri gjöld til að laða að?

Atvinnumál

Íbúum á eftir að stórfjölgna í dreifbýli vegna bættra samgangna aukinnar þjónustu og breytts atvinnumunsturs.

Aukin atvinnutækifæri með stækkun sveitarfélagsins og fjölgun íbúa.

Samstaða í héraði og að fólk þurfi ekki að leita út fyrir sveitarfélagið eftir atvinnu.

Störfum fjölgað á svæðinu og þau orðin fjölbreyttari sem laðar til okkar fleira fólk (x2)